

Nd.

200. Frumvarp til laga

[137. mál]

um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

1. gr.

Í Reykjavík skulu vera borgardómaraembætti, borgarfógetaembætti, sakadómaraembætti, lögreglustjóraembætti og tollstjóraembætti.

Utan Reykjavíkur skulu vera embætti sýslumanna og bæjarfógeta.

Í Bolungarvík og á Keflavíkurflugvelli skulu vera embætti lögreglustjóra.

2. gr.

Undir borgardómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. einkamál almennt, sbr. þó 4. gr., þ. á m. formennska í fasteignamálum, kvaðning mats- og skoðunarmanna í dómi og utan dóms svo og borgaraleg hjónavígsla, hjónaskilnaðarmál, úrskurðun framfærslumála og skipun opinberra starfsmanna, svo sem tíðkapt hefur.

Við borgardómaraembættið skulu vera átta til tíu borgardómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgardómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

3. gr.

Undir borgarfógetaembættið í Reykjavík heyra m. a. fógetagerðir, uppboð, skiptamál, þinglýsingar, skráning firma og félaga, skráning skipa, notarialgerðir, yfirfjárráð og utankjörstaðaatkvæðagreiðsla, eins og segir í lögum.

Þinglýsing sú og aflýsing, er í 7. og 13. gr. laga nr. 30 1928 getur, eru afnumdar í Reykjavík, enda hefur greinargerð um skjal í veðmálaskrá sama gildi sem þinglýsing og aflýsing höfðu eftir nefndum lagagreinum. Gera skal vikulega skrá um öll innrituð og aflýst skjöl, og skal hún liggja frammi í skrifstofu borgarfógeta næstu viku, enda getur dómsmálaráðherra ákveðið birtingu hennar vikulega í opinberu blaði.

Við borgarfógetaembættið skulu vera fimm til sjö borgarfógetar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirborgarfógeti, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

4. gr.

Undir sakadómaraembættið í Reykjavík heyra m. a. opinber mál, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 82/1961, barnsfaðernismál, uppkvaðning lögheimilisúrskurða svo og uppkvaðning meðlagsúrskurða, framkvæmd refsidóma, stjórn rannsóknarlögreglu og umsjón hegningarhúss.

Við sakadómaraembættið skulu vera fimm til sjö sakadómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og er einn þeirra yfirsakadómari, sem jafnframt er forstöðumaður embættisins.

5. gr.

Lögreglustjórinn í Reykjavík fer með lögreglustjórn, sbr. þó 4. gr., strandmál, útlendingaefartilít, útgáfu vegabréfa og önnur þau mál, er lög ákveða.

6. gr.

Tollstjórinn í Reykjavík hefur forstjórn tollgæzlu, lögskráningu skipshafna, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og þeirra aðila, er fjármálaráðherra ákveður eða lög mæla fyrir um, að undanteknum þeim gjöldum, er sameiginlegri innheimtustofnun, sbr. lög nr. 68/1962, er falið að innheimta.

7. gr.

Utan Reykjavíkur heyra þau málefni, sem talin eru upp í 2. til 6. gr., undir embætti sýslumanna og bæjarfógeta, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Undir

embætti þessi heyra og önnur þau málefni, er ráðherra ákveður eða lög mæla fyrir um.

Við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði og sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu skulu, auk þess dómara, starfa einn til þrjár dómarar eftir ákvörðun dómsmálaráðherra.

Við embætti bæjarfógetans á Akureyri og sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu svo og við embætti bæjarfógetans í Kópavogi getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn eða tveir dómarar við hvort þessara embætta.

Við embætti bæjarfógetans í Keflavík og bæjarfógetans í Vestmannaeyjum getur dómsmálaráðherra heimilað, að auk þeirra dómara starfi einn dómari við hvort þessara embætta.

Við þau bæjarfógeta- og sýslumannsembætti, er að framan getur, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skal bæjarfógeti eða sýslumaður vera forstöðumaður viðkomandi embættis.

Þeir dómarar, sem skipaðir eru til þess að starfa við framantalin embætti sýslumanna og bæjarfógeta, skulu kallast dómarar eða héraðsdómarar við viðkomandi embætti.

8. gr.

Undir embætti lögreglustjórans í Bolungarvík heyra þau störf, sem um getur í lögum nr. 14/1934, svo og önnur þau mál, sem lög ákveða.

Undir embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli heyra þau störf, sem um getur í lögum nr. 33/1954.

9. gr.

Forstöðumenn embætta þeirra, sem nefnd eru í lögum þessum, skulu hafa yfirstjórn og ábyrgð á rekstri þeirra svo og fyrirsvar út á við.

Forstöðumenn dómaraembætta þeirra, þar sem starfa fleiri en einn dómari, skulu úthluta dómurum verkefnum og hafa umsjón með störfum þeirra, að öðru leyti en tekur til dómsstarfa. Forstöðumaður getur falið héraðsdómara meðferð stjórnvaldsmálefna eftir þörfum.

Sérhver héraðsdómari starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómsmálum, sem forstöðumaður embættis hefur falið honum til meðferðar.

10. gr.

Dómsmálaráðherra úrskurðar, að öðru leyti en lög þessi ákveða, hver störf skulu lögð undir embætti þau, er nefnd eru í lögum þessum, og setur reglugerð um samvinnu og frekari starfsskiptingu milli almennrar lögreglu og rannsóknarlögreglu í Reykjavík.

11. gr.

Viðey telst til umdæmis Reykjavíkur um tollgæzlu og lögreglustjórn.

12. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um skil á innheimtufé.

13. gr.

Heimilt er ríkissjóði að endurkrefja þær stofnanir, sem embætti sýslumanna og bæjarfógeta, samkvæmt lögum eða eftir ákvörðun ráðherra, annast þjónustu fyrir, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, um hlutfallslegan þátt þeirra í skrifstofukostnaði hvers embættis.

Allt það fé, sem embættismenn þeir, er lög þessi taka til, hafa undir höndum vegna embættis síns, skal ávaxta til hagnaðar eigendum þess.

14. gr.

Forseti veitir embætti þau, sem lög þessi taka til, og skulu embættismennirnir fullnægja lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

Til veitingar lögreglustjóraembættisins í Reykjavík er það enn fremur skilyrði, að aðili hafi raunhæfa þekkingu á stjórn og skipulagi lögreglumála.

15. gr.

Við framangreind dómaraembætti skulu starfa svo margir fulltrúar, er fullnægi skilyrðum 33. gr. sbr. 6. tölul. 32. gr. laga nr. 85/1936, sem þörf er á, að mati dómsmálaráðherra.

Dómsmálaráðherra getur veitt fulltrúum, sem ráðnir eru til starfa samkvæmt 1. mgr. og fullnægja skilyrðum laga til að hljóta skipun í fast dómarastarf, sérstaka skipun til að vinna sjálfstætt og á eigin ábyrgð að þeim dómstörfum, sem þeim eru falin.

16. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 98/1961.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við þau héraðsdómaraembætti, þar sem héraðsdómurum er fjölgað samkvæmt lögum þessum, skulu jafnmargar fulltrúastöður lagðar niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta hefur fyrst og fremst í för með sér þá breytingu frá gildandi lögum, að gert er ráð fyrir, að við nokkur umfangsmestu embætti sýslumanna og bæjarfógeta verði skipaðir dómara. Hingað til hafa sýslumenn og bæjarfógetar einir farið með dómsvald í héraði utan Reykjavíkur, en með þessari breytingu munu dómara þessir að sjálfsögðu einnig fara með það vald.

Við flest embætti sýslumanna og bæjarfógeta starfa nú löglærðir fulltrúar, er hafa verið löggiltir, samkvæmt heimild í lögum, til þess að fara með og dæma mál á ábyrgð yfirmanns síns.

Við embætti sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógetans í Hafnarfirði, sem er umfangsmesta dómaraembættið utan Reykjavíkur, starfa nú 7 löggiltir fulltrúar. Við embætti sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógetans á Akureyri starfa 4 löggiltir fulltrúar og við bæjarfógetaembættið í Kópavogi starfa einnig 4 löggiltir fulltrúar. Í Gullbringu- og Kjósarsýslu og Hafnarfirði voru 1. des. 1970 21 233 íbúar. Á Akureyri og í Eyjafjarðarsýslu voru á sama tíma 14 527 íbúar og í Kópavogi 11 125 íbúar.

Vegna fólksfjölgunar hefur fjöldi dómsmála aukizt að mun, enda er svo komið hjá þeim embættum, er hér um ræðir, að hinir reglulegu dómara anna eigi að dæma nema mjög lítinn hluta af þeim dómsmálum, er koma til meðferðar, og hefur því sífellt stærri hluti þeirra komið í hlut fulltrúa þeirra að dæma. Það hlýtur að teljast óæskileg framvinda, þegar svo er komið, að langflestir dómara eru kveðnir upp af fulltrúum dómara.

Dómarafulltrúar hafa eindregið lýst óánægju sinni yfir því, að þeim sé ætlað í síauknum mæli að fara með og dæma mál og beri því skyldur sem dómara, án þess að til komi þau réttindi, sem fylgja því að vera dómari.

Með lögum nr. 98 frá 1961 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík var gerð sú breyting á þá gildandi lögum, að dómurum við dómaraembættin í Reykjavík var fjölgað. Svipaðar ástæður liggja til grundvallar breytingu þeirri, er frumvarp þetta gerir ráð fyrir, og lágu til grundvallar breytingunum samkvæmt fyrrgreindum lögum frá 1961.

Eigi eru hér gerðar neinar breytingar á núgildandi ákvæðum um starfssvið dómarafulltrúa.

Frumvarp þetta felur eigi í sér breytingu á dómstólaskipan landsins utan Reykjavíkur, enda þótt æskilegt hefði verið að taka það mál til endurskoðunar. Ákvæði frumvarps þessa ættu þó ekki að vera því til hindrunar, að allsherjarbreyting á dómstólaskipan landsins gæti átt sér stað, ef ástæða þætti til.

Rétt þykir að fjölga dómurum við borgardómaraembættið og sakadómaraembættið í Reykjavík til samræmis við aukningu dómsmála við þessi embætti.

Hér er gert ráð fyrir, að lög nr. 98/1961 um dómsmálastörf, lögreglustjórn, gjaldheimtu o. fl. í Reykjavík verði felld niður, en ákvæði þeirra að mestu tekin upp í frumvarp þetta með þeim breytingum, er að framan er getið og nánar er lýst hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein er í samræmi við núgildandi lög.

Um 2. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 2. gr. laga nr. 98/1961 að því viðbættu, að gert er ráð fyrir, að borgardómara verði nú átta til tíu eftir ákvörðun dómsmálaráðherra í stað fimm til sjö samkvæmt núgildandi lögum.

Um 3. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 3. gr. laga nr. 98/1961.

Um 4. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 4. gr. laga nr. 98/1961 að því viðbættu, að gert er ráð fyrir, að sakadómara verði nú fimm til sjö eftir ákvörðun dómsmálaráðherra í stað þess, að þeir eru samkvæmt gildandi lögum þrjú til fimm.

Um 5. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 5. gr. laga nr. 98/1961. Lagt er til, að ákvæði þess efnis, að lögreglustjóri fari með heilbrigðismál, falli niður, enda er lögreglustjóri ekki lengur lögskipaður formaður heilbrigðisnefndar, sbr. lög nr. 12/1969, þótt hann eftir sem áður annist hvers konar löggæzlu á þessu sviði.

Um 6. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 6. gr. laga nr. 98/1961. Rétt þótti að breyta ákvæðum greinarinnar til samræmis við lög nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

Um 7. gr.

1. mgr. er í samræmi við gildandi lög.

Að öðru leyti er í greininni ákvæði um fjölgun dómara við fimm umfangsmestu dómaraembættin utan Reykjavíkur.

Í upphafi þessara athugasemda voru talin upp þrjú af þessum dómaraembættum. Auk þeirra er gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti veitt heimild til þess, að við embætti bæjarfógetans í Keflavík og embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum starfi einn dómari við hvort embætti, og þá einkum við það miðað, að dómsýslan við þessi embætti aukist.

Til þess er ætlað, að dómaraþeir, er starfa við embætti sýslumanna og bæjarfógeta, kallast dómaraþeir (héraðsdómaraþeir) við viðkomandi embætti sýslumanna eða bæjarfógeta í þeim tilvikum, er þeir t. d. gefa út stefnur, gefa út innkallanir eða þeir á annan hátt koma fram í nafni embættis síns sem dómaraþeir.

Um 8. gr.

Þessi grein er í samræmi við gildandi lög.

Um 9. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 2., 3. og 4. gr. laga nr. 98/1961, en skýrar er kveðið á um forstöðu og ábyrgð forstöðumanns embættis.

Í 2. mgr. er þess getið, að forstöðumenn dómaraembættanna þeirra, er lög þessi taka til, geti falið héraðsdómurum meðferð stjórnvaldsmálefna eftir þörfum. Ákvæði þetta er fortakslausara en samsvarandi ákvæði í 2., 3. og 4. gr. laga nr. 98/1961. Þessi ákvæði hafa verið túlkuð á þann hátt, að dómaraþessir væru ekki umboðsstarfalausir og því er hér eigi um efnislega breytingu að ræða.

Um 10. gr.

Þessi grein er eins og 7. gr. laga nr. 98/1961.

Um 11. gr.

Þessi grein er eins og 8. gr. laga nr. 98/1961.

Um 12. gr.

Þessi grein er að mestu í samræmi við 9. gr. laga nr. 98/1961.

Um 13. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir, að ríkissjóður geti endurkrafið þær stofnanir, er embætti sýslumanna og bæjarfógeta annast þjónustu fyrir.

Þær stofnanir, sem hér er átt við, eru t. d. Tryggingastofnun ríkisins, héraðs-samlög og aðrar þær stofnanir, er lög mæla fyrir um eða ráðherra ákveður, að þessi embætti annist þjónustu fyrir.

Um 14. gr.

Þessi grein er í samræmi við 2. mgr. og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 98/1961.

Um 15. gr.

Þótt gert sé ráð fyrir því í greininni, að ráðherra meti fulltrúaþörf embættanna, mundi ráðning fulltrúa í föst störf hlíta sömu reglum og önnur aukning starfsliðs, þ. e. fjárveiting að vera fyrir hendi til starfsins.

Í 2. mgr. er nýmæli þess efnis, að embættisgengir fulltrúar geti hlotið sérstaka viðurkenningu ráðherra til að mæga starfa sjálfstætt og á eigin ábyrgð að dómsmálaverkefnum sínum.

Um bráðabirgðaákvæðið.

Gert er ráð fyrir, að embætti dómara þeirra, er hér um ræðir, verði auglýst, svo sem önnur embætti, og hafa fulltrúar þeir, er starfa nú við viðkomandi embætti sýslumanna og bæjarfógeta, að sjálfsögðu engan forgang að þeim.